



Þú ert hér: [Forsíða](#) / [Annað](#) / [Ávinningur af notkun SpermVital](#)

Annað nýtt

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2015

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2018

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2017

Hvað er SpermVital?

Hvernig á að nota SpermVital-sæði?

Ávinningur af notkun SpermVital

Nánari upplýsingar um SpermVital

Nautgripasæðingar 2016

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2014

Nautgripasæðingar 2015

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ árið 2013

Stærð og hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá sumar 2015

Hæð dætra reyndra nauta í nautaskrá vetur 2014

Afdrif nauta sem keypt voru á Nautastöð BÍ 2012

Nautgripasæðingar 2013

Nautgripasæðingar 2012-4

Nautgripasæðingar 2012-3


Nautgripasæðingar 2012-2

Nautgripasæðingar 2012-1

Annað

Ávinningur af notkun SpermVital

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar með notkun SpermVital. Árið 2010 var gerð tilraun með kúr í Hollandi. Sæddar voru kúr með frjósemisvandamál og reyndist fanghlutfall 49% með SpermVital-sæði samanborið við 25% með hefðbundnu sæði. Þess verður þó að geta að SpermVital-sæðið var úr NRF-nautum en hefðbundna sæðið úr Holstein-nautum en það kann að hafa haft áhrif. Á Ítalíu var gerð tilraun sumarið 2012 með Holstein-kúr. Þar var fanghlutfall 25% hærra með SpermVital-sæði, þ.e. 41,9% samanborið 33,5% með hefðbundnu sæði. Ávinningur í hærra fanghlutfalli var mestur við þriðju sæðingu. Í þessari tilraun var eingöngu um að ræða Holstein-naut.



Í Noregi var árið 2014 skoðað hvort ein sæðing með SpermVital-sæði gæti komið í stað tvísæðinga við samstillingu. Samstilltar voru 491 kúr, bæði mjólkur- og holdakúr, og sæddar annars vegar einu sinni með SpermVital-sæði og hins vegar tvísvar sinnum með hefðbundnu sæði. Niðurstaðan var sú að fanghlutfall reyndist 59,2% með einni SpermVital-sæðingu samanborið við 60,6% með hefðbundinni tvísæðingu.

Árið 2010 var framkvæmd norsk tilraun þar sem borið var saman SpermVital-sæði og hefðbundið sæði úr sömu nautum og sæðistökum. Þetta sæði var síðan notað án þess að bændur eða frjótækna vissu um hvora sæðisgerðina væri að ræða. Niðurstaðan var sú að enginn munur var á fanghlutfall mældu sem 58 daga ekki uppbeðsli.


Af þessu má sjá að SpermVital skilar hærra fanghlutfalli við ákveðna notkun. Leið má líkur að því að SpermVital hækki fanghlutfall þar sem það er lágt fyrir en breyti engu þar sem fanghlutfall er ásættanlegt. Hins vegar er greinilegt að SpermVital getur leyst tvísæðingar af hólmi og þannig lækkað kostnað við samstillingar. Þá er áreiðanlegt eins og áður er nefnt að notkun SpermVital-sæðis á vandamálkúr á fullan rétt á sér en notkun þess á kúr eða kvígur sem beiða vel og geinilega og eru sæddar á „réttum“ tíma felur ekki í sér neinn ávinning.

Því má slá föstu að ávinningur bænda vegna betra fanghlutfalls og þar með styttri geldstöðu, minni förgunar vegna ófrjósemi o.þ.h. yrði umtalsverður að því gefnu að notkunin sé markviss og í samræmi við leiðbeiningar þar að lútandi. Í því samhengi má benda á að árið 2015 var ófrjósemi tilgreind sem förgunarástæða í 17% tilfella, eða hjá rúmlega 1.100 kúm. Jafnframt má ráða af gögnum skýrsluhaldsins að a.m.k. 17% af ásettum kvígum skili sér aldrei í framleiðslu, einkum vegna þess að þær festa ekki fang. Það er nokkuð á annað þúsund gripir á ári hverju.



Hæð dætra reyndra nauta í
nautaskrá sumar 2013

[PDF af þessari síðu](#)

 Líkar þetta Nýskráðu þig til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.

Búsnúmer Nautastöðvarinnar á Hesti er **2118411**



Nautastöðin, Huppa.is



Nautaskráin



Fréttir



Fyrir síma og spjaldtölvur

© Gögnin á nautaskra.net eru frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, www.rml.is, og Bændasamtökum Íslands, www.bondi.is
Persónuvernd